

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag frístundalóða, Bíldsfell 1.

Deiliskipulagið tekur til hluta frístundasvæðis F20 í landi Bíldsfells 1. Í deiliskipulaginu felst skilgreining 30 frístundalóða og byggingarheimilda innan þeirra. Innan hvernar lóðar er heimilt að byggja eitt frístundahús, eitt aukahús og geymslu. Nýtingarhlutfall er 0,03 og skal samanlagt byggingarmagn á hverri lóð vera innan þeirrar heimildar. Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2023.

Deiliskipulag frístundalóða, Neðan-Sogsvegur 1a og 1b.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum, Neðan-Sogsvegur 1a og 1b. Skilgreindir eru byggingarreitir auk byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir frístundahús ásamt aukahúsum á lóð innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03. Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2023.

Deiliskipulag, Vesturbyggð á Borg.

Deiliskipulagið tekur til fyrsta áfanga nýs íbúðarsvæðis að Borg í Grímsnesi. Svæðið er innan íbúðarbyggðar (ÍB2) og iðnaðarsvæða fyrir skólphreinsistöðvar (I14 og I15) í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Svæðið er óbyggt og á því eru engin mannvirki ef frá eru talinn vegspotti og búnaður skólphreinsistöðvar vestan Skólabrautar. Samþykkt í sveitarstjórn 29. júní 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. október 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 23. október 2023